



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsókn um aukið framlag

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. desember 2016 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2016, um umsókn Landakotsskóla um aukið framlag frá hausti og beiðni foreldra tveggja nemenda um að greitt verði framlag vegna nemendanna í skólanum. Jafnframt lagt fram bréf Landakotsskóla, dag. 21. september 2016. Enn fremur lagður fram þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Landakotsskóla, dags. 20. október 2015 ásamt viðauka, dags. 19. janúar 2016.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 178 í stað 158 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Gerður verði viðauki við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda.

Synjað er beiðni um að greitt verði lægra framlag en 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum vegna nemenda umfram heimilaðan hámarksfjölda.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með sex atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Tillaga fulltrúa skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. desember 2016

Bréf frá Landakotsskóla, dags. 21. september 2016

Þjónustusamningur SFS og RIS, dags. 20. október 2015

Viðauki samnings, dags. 19. janúar 2016



Reykjavík, 8. desember 2016
SFS2016060089
110. fundur / fskj. 1/5
HG/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Landakotsskóla um aukið framlag frá hausti og beiðni foreldra tveggja nemenda um að greitt verði framlag vegna nemendanna í skólanum

Með bréfi, dags. 21. september 2016, fara fyrirvarsmenn Landakotsskóla fram á að fjölgað verði nemendum sem greitt er framlag vegna um 25. Auk þess er farið fram á að greitt verði framlag vegna sex barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi og eru í alþjóðadeild skólans. Jafnframt er farið fram á að skólinn fái „greitt sama framlag og með umframmendum og borgin telur að hvert barn kosti væri það í borgarreknum skóla, alls kr. 670.000.- með hverju barni.“

Landakotsskóli hefur heimild til að hafa 171 reykvískan nemanda í skólanum sem greitt er framlag vegna og er sá fjöldi nú í skólanum. Með samningi aðila, dags. 20. október 2015, var samþykkt að greiða framlag vegna 158 reykvískir nemenda að hámarki og með viðauka, dags. 19 janúar 2016, var samþykkt að greiða framlag vegna 13 reykvískra nemenda til viðbótar til 31. maí 2017 vegna reksturs alþjóðadeildar sem þróunarskóla við skólann. Fyrir utan 171 reykvíska nemendur eru 26 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur í skólanum.

Beiðni Landakotsskóla um að greitt verði framlag vegna nemenda sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík var synjað af skóla- og frístundaráði þann 26. október 2016.

Ljóst er að fjölga þarf nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna þar sem fjöldi reykvískra nemenda á yngri stigum er hærri en á unglíngastigi.

Skóla- og frístundasviði hafa borist bréf foreldra tveggja reykvískra nemenda sem óska eftir að börn þeirra fái að fara nú þegar í Landakotsskóla en þeim hefur verið synjað um skólavist þar sem nú þegar er greitt framlag vegna allra þeirra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið

nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Fram að 31. desember 2016 gildir sú regla að útreikningur Hagstofu Íslands s vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysliverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Frá og með 1. janúar 2017 skal útreikningur Hagstofu Íslands liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum. Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.719.292 í september 2016. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.289.469 .-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ef miðað er við að breyting á útreikningum framlags leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 20 reykvískra nemenda verði kr. 13.539.467 á árinu 2017.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að horfa verði til þess að í Landakotsskóla er nú sá fjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna og að fjölga þarf nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna þar sem fjöldi reykvískra nemenda á yngri stigum er hærri en á unglingsstigi.

Reykjavík 21.9. 2016.

Ítrekun á ósk Landakotsskóla um að fá lágmarksgreiðslu með fjölda reykvískra barna sem er umfram þann fjölda sem kemur fram í þjónustusamningi og greiðslu með nemendum sem eiga ekki lögheimili á Íslandi.

Til skóla- og frístundaráðs.

Í svari skóla- og frístundaráðs, dags. 30. júní sl. kemur fram að ekki hafi verið unnt að verða við ósk Landakotsskóla um framlag með börnum sem eru umfram þann fjölda sem gert er ráð fyrir að skólinn fái framlag með samkvæmt þjónustusamningi.

Í rökstuðningi sem skólanum barst í síðustu viku en dagsett er 26. ágúst, kemur fram að skólinn hafi ekki óskað eftir framlagi innan þeirra tímamarka sem ráð er fyrir gert í samningi og því sé ekki hægt að verða við ósk skólans. Meginröksemd skóla- og frístundaráðs felst í því að dýrara sé fyrir borgina að leyfa nemendum að stunda nám í sjálfstætt reknum grunnskóla svo lengi sem pláss sé fyrir viðkomandi nemendur í borgarreknunum skólum.

Landakotsskóli felst á að ósk um aukið framlag var ekki lögð fram innan þeirra tímamarka sem þjónustusamningur kveður á um. Gert er ráð fyrir að menntasvið fái ósk senda fyrir 1. maí ár hvert en 1. júní sendi skólastjóri tölvupóst á menntasvið þar sem kom fram að fjöldi reykvískra nemanda í skólanum væri á pari við samning skólans við borgina. Þeir nemendur sem bættust við eftir 1. júní voru; nemandi sem var að koma aftur inn í skólann eftir að hafa verið í burtu í tvö ár, tveir nemendur sem komu erlendis frá og kusu foreldrar að börn þeirra væru í íslenskum bekkjardeildum Landakotsskóla en í tengslum við alþjóðadeild skólans til að geta betur viðhaldið enskukunnáttu sinni. Alls eru nú fjórir reykvískir nemendur í skólanum sem eru umfram þann fjölda sem samningur gerir ráð fyrir. Erfitt hefði verið að neita þessum nemendum um skólavist þar sem pláss var í skólanum og foreldrar mátu stöðu barna sinna með þeim hætti að það hentaði þeim best að koma í Landakotsskóla. Hætt er við að foreldrum þætti illskiljanlegt ef börnum þeirra yrði vísað frá á grundvelli þess að borgin kjósi að heimila ekki greiðslu með þeirra börnum.

Það er að sjálfsögðu íþyngjandi fyrir skólann að fá ekki greitt með þessum nemendum. Megin röksemd skóla- og frístundaráðs að neita skólanum um greiðslur, felst í kostnaðarauka borgarinnar. Skólinn fer því hér með fram á að fá greitt sama framlag með umframmendum og borgin telur að hvert barn kosti væri það í borgarreknunum skóla, alls kr. 670.000 með hverju barni.

Næsta vor mun fámennur árgangur útskrifast úr 10. bekk en fjölmennari árgangur ganga upp í efri bekki. Því er fyrirsjáanlegt að nemendum mun fjölga og fer skólinn hér með fram á hækkun í þjónustusamningu um 25 nemendur. Fram kom í svari skóla- og frístundaráðs við ósk skólans um aukið framlag að beiðnin yrði tekin til umfjöllunar við fjárhagsgerð borgarinnar fyrir árið 2017.

Í annan stað fer skólinn fram á að fá greitt framlag með sex börnum sem ekki eiga lögheimili á Íslandi. Nemendurnir eru allir í alþjóðadeildinni. Þetta eru börn fræðimanna sem starfa nú við Háskóla Íslands og munu ekki dvelja hér lengur en 6 mánuði og eitt barn sem dvelur nú tímabundið hjá föður sínum en móðir hans sem er íslensk á lögheimili í Bretlandi. Þegar þessir nemendur sóttu um skólavist í sumar var ekki ljóst hvort sótt yrði um lögheimili á Íslandi fyrir viðkomandi nemendur eða ekki. Þar sem nú er ljóst að foreldrar fimm barna verða ekki lengur á Íslandi en 6 mánuði hefur verið tekin ákvörðun um að ekki verði sótt um lögheimili. Alþjóðleg deild Landakotsskóla hentar þessum börnum vel. Í atvinnustefnu borgarinnar kemur fram að búa eigi svo um hnútana að borgin verði eftirsóknarverð fyrir erlenda sérfræðinga og erlenda stúdenta og því skuli byggja upp alþjóðlegt nám í borginni. Það stangast á við stefnu borgarinnar að greiða ekki með þessum nemendum.

Í munnlegu svari Guðrúnar Sigtryggsdóttur í sumar, lögfræðing menntasviðs, kom fram að ekki yrði greitt með þessum nemendum þar sem í þjónustusamningi er einungis gert ráð fyrir að greitt sé framlag með nemendum sem eigi lögheimili í Reykjavík. Það er ljóst að alþjóðlegt nám á ensku sem boðið er upp á í alþjóðadeild hentar þessum nemendum betur en að fara inn í borgarrekin grunnskóla þar sem kennt er eftir íslenskri námsskrá.

Einnig er rétt að hafa í huga að Landakotsskóli í heild sinni er ekki að fara fram úr þeim fjárheimildum sem áætlaðar hafa verið til skólans þar sem nemendur á leikskólastigi eru ekki nema 15 en samkvæmt þjónustusamningi hefur skólinn leyfi til að taka á móti 22 nemendum. Með því að verða við ósk skólans um aukin framlög er borgin að sýna skólanum mikilvægan sveigjanleika sem felst í raun eingöngu í tilfærslu fjármuna.

Með góðum kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir,
Skólastjóri Landakotsskóla.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, og Landakotsskóli ses., kt. 660505-1210, Túngötu 15, Reykjavík, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

1. gr.

Skilyrði

Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur um grunnskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr.

Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Greitt er framlag vegna 158 nemenda.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greiddur með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Hlt

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast með starfsáætlun eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

4. gr. Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr. Sérfræðipjónusta

Skólinn á rétt á sömu sérfræðipjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr. Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr. Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. maí ár hvert.

9. gr.

Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.

Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.
Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 1. nóvember 2015. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr.
Afturköllun viðurkenningar

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðherra viðurkenningu skólans fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.


17. gr.
Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


18. gr.
Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. október 2015



F.h. skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



F.h. Landakotsskóla þes.

NOTAR AÐ REKINGI VAS. OG LANDAKOTSSKÓLA

Gjafin í gætt. 240467-4619

Staðly. þess. 110002-4249

Viðauki við þjónustusamning

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Landakotsskóli, kt. 660505-1210, gerðu þann 20. október 2015, með sér þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Aðilar framangreinds þjónustusamnings hafa ákveðið að gera viðauka við framangreindan samning.

2. gr.

Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs frá 16. desember 2015 og 9. júlí 2015 þar sem samþykkt var tillaga um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 24 nemendur og var sviðsstjóra falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans sem feli í sér heimild til að greiða framlög með allt að 13 reykvískum börnum á samningstímanum.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 16. desember 2015 og borgarráðs þann 7. janúar 2016 var heimilað að greiða framlag vegna reykvískra nemenda skv. þjónustusamningi dags. 20. október 2015 og samþykktar borgarráðs þann 9. júlí um greiðslu vegna 13 reykvískra nemenda, þann tíma sem viðauki þessi gildir, óháð því hvort reykvískur nemandi er í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild/þróunarskóla. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans nemendur eru. Jafnframt var samþykkt að fjölga nemendum í alþjóðlegri deild úr 24 í 45.

Framangreind samþykkt er byggð á því að um sé að ræða þróunarverkefni til tveggja ára um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla.

Fyrirvari er gerður um samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samræmis við 44. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, vegna breytingarinnar.

3. gr.

Með vísan til þess sem að framan greinir er Landakotsskóla heimilt að starfrækja alþjóðadeild við Landakotsskóla fyrir allt að 45 nemendur. Heimilt er að greiða rekstrarframlag með allt að 13 reykvískum nemendum á samningstíma viðauka þessa til samræmis við samning aðila frá 20. október 2015, til viðbótar við þann fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skv. samningi aðila frá 20. október 2015. Samtals er því heimilt að greiða framlag vegna 171 reykvískra nemenda þann tíma sem viðauki þessi gildir, óháð því hvort reykvískur nemandi er í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild/þróunarskóla. Sömu ákvæði gilda um framlagið skv. viðaukanum og skv. framangreindum samningi, dags. 20. október 2015.

RET
y.

Landakotsskóli skal skrá í hvorum hluta skólans nemendur eru.

4. gr.

Greitt var framlag skv. framangreindu frá upphafi haustannar 2015 og lýkur greiðslum að lokinni vorönn 2017, síðasta greiðsla verður greidd 31. maí 2017 og lýkur þá gildistíma viðaukans og fellur hann brott án uppsagnar.

5. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings milli aðila frá 20. október 2015 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði viðauka þessa og gildandi samnings kunna að vera ósamrýmanleg gilda ákvæði viðaukans.

6. gr.

Rísi ágreiningur um efni viðaukans og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.


Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, f.h. Reykjavíkurborgar og Ingibjörgu Jóhannsdóttur, skólastjóra, sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild skólans til að undirrita viðauka þennan.

Reykjavík, 19. janúar 2016



Helgi Grímsson sviðsstjóri

skóla- og frístundasviðs




Ingibjörg Jóhannsdóttir

F.h. Landakotsskóla,

Vottar að dags. og undirritun aðila:

Gyðfinn Ragnr. 240467-7619



Lög fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 178 í stað 158 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Gerður verði viðauki við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda.

Synjað er beiðni um að greitt verði lægra framlag en 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum vegna nemenda umfram heimilaðan hámarksfjölda.

Greinargerð:

Í þjónustusamningum sem samþykktir voru í skóla- og frístundaráði og borgarráði í september 2015 við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík voru fjöldatakmarkanir miðaðar við að fjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna yrði að hámarki eins og fjöldinn hafði verið mestur sem greitt hefur verið framlag vegna hjá viðkomandi skóla á s.l. tíu ár árum að viðbættum 10 %. Hámarksfjöldi nemenda skv. samningi, dags. 20. október 2015, er 158 reykvískir nemendur. Með viðauka, dags. 19. janúar 2016, var samþykkt að greiða framlag vegna 13 reykvískra nemenda til viðbótar til 31. maí 2017 vegna reksturs alþjóðadeildar sem þróunarskóla við skólann.

Lagt er til að samþykkt verði að auka svigrúm skólans til að fjölga reykvískum nemendum um 20 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018.

Fyrir liggur að Landakotsskóla er nú með þann fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Ljóst mun vera að fjölga þarf nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna þar sem fjöldi reykvískra nemenda á yngri stigum er hærri en á unglíngastigi.

Skv. lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 með síðari breytingum, ber að greiða að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands til sjálfstætt rekens grunnskóla með allt að 200 nemendur. Ekki er gert ráð fyrir að miðað sé við aðrar forsendur.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Landakotsskóla um aukið framlag

Með bréfi, dags. 21. september 2016, fara fyrirvarsmenn Landakotsskóla fram á að fjölgað verði nemendum sem greitt er framlag vegna um 25. Auk þess er farið fram á að greitt verði framlag vegna sex barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi og eru í alþjóðadeild skólans. Jafnframt er farið fram á að skólinn fái „greitt sama framlag og með umframnemendum og borgin telur að hvert barn kosti væri það í borgarreknum skóla, alls kr. 670.000.- með hverju barni.“

Með bréfi, dags. 14. desember 2016, upplýsir Landakotsskóli um að hann hafi umsóknir og fyrirspurnir frá 17 nemendum sem af ýmsum ástæðum óska eftir skólavist í Landakotsskóla á vormisseri skólaársins 2017. Fram kemur að tveir nemendur vilji vera með systkinum sínum eða vinum, einn eigi í persónulegum erfiðleikum í sínum heimaskóla og tveir telji að námsumhverfi henta sér betur hér. Aðrir nemendur eru að flytja til landsins og hafa óskað eftir námi í alþjóðlegu deildinni þar sem nám fer fram á ensku. Foreldrar þessara barna munu vera að flytja til landsins til að vinna fyrir Háskóla Íslands, DeCode og Alvogen.

Beiðni Landakotsskóla um að greitt verði framlag vegna nemenda sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík var synjað af skóla- og frístundaráði þann 26. október 2016.

Á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 178 í stað 158 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Gerður verði viðauki við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda. Jafnframt var á sama fundi synjað beiðni um að greitt verði lægra framlag en 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum vegna nemenda umfram heimilaðan hámarksfjölda.

Í tölvupósti sem sendur er þann 20. desember frá Ingibjörgu Jóhannsdóttur skólastjóra Landakotsskóla er ítrekað að beiðni skólans varði sérstaklega 7 nemendur, 5 sem eru að flytja

til landsins erlendis frá og munu eiga lögheimili hér á landi og tvo nemendur sem eru í borgarreknum skóla en metið er af ráðgjafa foreldra og skóla (starfsmaður SFS) að flutningur í Landakotsskóla muni tryggja farsæla skólagöngu. Þessu til staðfestingar hefur skóla- og frístundasviði hafa borist bréf foreldra þessara tveggja reykvískra nemenda sem óska eftir að börn þeirra fái að fara nú þegar í Landakotsskóla.

Landakotsskóli hefur heimild til að hafa 171 reykvískan nemanda í skólanum sem greitt er framlag vegna og er sá fjöldi nú í skólanum. Með samningi aðila, dags. 20. október 2015, var samþykkt að greiða framlag vegna 158 reykvískir nemenda að hámarki og með viðauka, dags. 19 janúar 2016, var samþykkt að greiða framlag vegna 13 reykvískra nemenda til viðbótar til 31. maí 2017 vegna reksturs alþjóðadeildar sem þróunarskóla við skólann. Fyrir utan 171 reykvíska nemendur eru 26 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur í skólanum.

Ljóst er að fjölga þarf nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna þar sem fjöldi reykvískra nemenda á yngri stigum er hærri en á unglingastigi.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Fram að 31. desember 2016 gildir sú regla að útreikningur Hagstofu Íslands s vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysliverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Frá og með 1. janúar 2017 skal útreikningur Hagstofu Íslands liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum. Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.719.292 í september 2016. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknunum grunnskóla kr. 1.289.469.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ef miðað er við að heimilt verði að greiða framlag til Landakotsskóla vegna 7 reykvískra nemenda frá 1. janúar 2017 og 13 til viðbótar frá upphafi skólaárs 2017-2018 er áætlaðar greiðslur til skólans vegna vorannar 2017 kr. 4.988.225 og vegna haustannar 2017 kr.

12.114.260 eða samtals kr. 17.102.484, á árinu 2017, umfram það sem núverandi samningur aðila kveður á um.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að horfa verði til þess að í Landakotsskóla er nú sá fjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna og að fjölga þarf nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna þar sem fjöldi reykvískra nemenda á yngri stigum er hærri en á unglíngastigi.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla og frístundasviðs Reykjavíkur